

## REGLUGERÐ

**um (19.) breytingu á reglugerð nr. 560/2014 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólfi, þaðan sem leyfður er innflutningur til Bandalagsins og umflutningur um Bandalagið á alifuglum og alifuglaafurðum, og um kröfur vegna heilbrigðisvottana fyrir dýr og dýraafurðir.**

### 1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætast tveir nýir töluliður, 56. og 57. tölul., svohljóðandi:

56. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/626 frá 7. maí 2020 um breytingu á I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 að því er varðar færsluna fyrir Lýðveldið Norður-Makedóníu í skránni yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólfi þaðan sem leyfður er innflutningur til Sambandsins eða umflutningur um Sambandið á tilteknum alifuglavörum í tengslum við Newcastle-veiki.
57. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1166 frá 6. ágúst 2020 um breytingu á I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 að því er varðar færsluna fyrir Bandaríkin í skránni yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólfi þaðan sem leyfður er innflutningur til Sambandsins eða umflutningur um Sambandið á tilteknum alifuglavörum í tengslum við alvarlega fuglainflúensu.

### 2. gr.

Ofangreindar reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar er birtar sem fylgiskjöl við reglugerð þessa.

### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 93/1995 um matvæli, lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, öll með síðari breytingum.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 24. ágúst 2020.*

**Kristján Þór Júlíusson**  
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

*Iðunn Guðjónsdóttir.*

**Fylgiskjal 1.****FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/626**

frá 7. maí 2020

**um breytingu á I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 að því er varðar færsluna fyrir Lýðveldið Norður-Makedóníu í skránni yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólfi þaðan sem leyfður er innflutningur til Sambandsins eða umflutningur um Sambandið á tilteknum alifuglavörum í tengslum við Newcastle-veiki**  
**(Texti sem varðar EES)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/99/EB frá 16. desember 2002 um heilbrigðisreglur um framleiðslu, vinnslu, dreifingu og aðflutning á afurðum úr dýraríkinu til manndís<sup>(1)</sup>, einkum 8. gr. (inngangsorð), 8. gr. (fyrsta undirgrein 1. liðar), 8. gr. (4. liður) og 9. gr. (4. mgr.),með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2009/158/EB frá 30. nóvember 2009 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með alifugla og útungunaregg og á innflutning þeirra frá þriðju löndum<sup>(2)</sup>, einkum 23. gr. (1. mgr.), 24. gr. (2. mgr.) og 25. gr. (2. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008<sup>(3)</sup> er mælt fyrir um kröfur um heilbrigðisvottanir fyrir dýr og dýraafurðir vegna innflutnings til Sambandsins og umflutnings gegnum það, þ.m.t. geymslu á meðan á umflutningi stendur, á alifuglum og alifuglaafurðum (hér á eftir nefndar vörurnar). Þar er kveðið á um að vörurnar megi einungis flytja inn til Sambandsins og umflytja gegnum það frá þeim þriðju löndum, yfirráðasvæðum, svæðum eða hólfum sem skráð eru í 1. og 3. dálk töflunnar í 1. hluta I. viðauka við hana.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 798/2008 er einnig mælt fyrir um skilyrði fyrir því að þriðja land, yfirráðasvæði, svæði eða hólfi geti talist laust við Newcastle-veiki.
- 3) Lýðveldið Norður-Makedónía er skráð í töflunni í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 sem þriðja land þaðan sem innflutningur til Sambandsins og umflutningur gegnum það á tilteknum alifuglavörum er leyfður frá öllu yfirráðasvæði þess.
- 4) Hinn 22. apríl 2020 staðfesti Lýðveldið Norður-Makedónía að Newcastle-veiki væri fyrir hendi á alifuglabúi á yfirráðasvæði landsins. Vegna þessarar staðfestu uppkomu Newcastle-veiki er ekki lengur hægt að líta svo á að Lýðveldið Norður-Makedónía sé laust við sjúkdóminn og heilbrigðisyrðöld á sviði dýra og dýraafurða í Lýðveldinu Norður-Makedóníu geta því ekki lengur vottað sendingar af kjöti af alifuglum til manndís fyrir innflutning til Sambandsins eða umflutnings um Sambandið.
- 5) Því ætti að breyta færslunni fyrir Lýðveldið Norður-Makedóníu í töflunni í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 til að taka tillit til faraldsfræðilegra aðstæðna í þessu þriðja landi.
- 6) Því ætti að breyta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. maí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

Ursula VON DER LEYEN

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 18, 23.1.2003, bls. 11.<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 343, 22.12.2009, bls. 74.<sup>(3)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008 frá 8. ágúst 2008 um skrá yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólfi, þaðan sem leyfður er innflutningur til Bandalagsins og umflutningur um Bandalagið á alifuglum og alifuglaafurðum, og um kröfur vegna heilbrigðisvottorða fyrir dýr og dýraafurðir (Stjtið ESB L 226, 23.8.2008, bls. 1).

## VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir Lýðveldið Norður-Makedóníu í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 kemur eftirfarandi:

ISO-kóði og heiti þriðja lands eða yfirráðasvæðis	Kóði þriðja lands, yfirráðasvæðis eða hólfis	Lýsing á þriðja landi, yfirráðasvæði, svæði eða hólf	Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir		Sérstök skilyrði	Sérstök skilyrði		Staða eftirlits vegna fugla-inflúensu	Bólusetningarstaða vegna fugla-inflúensu	Staða varna gegn salmonellu <sup>(6)</sup>
			Fyrirmynd(ir)	Viðbótarábyrgðir		Loka-dagsetning <sup>(1)</sup>	Upphafsdagsetning <sup>(2)</sup>			
1	2	3	4	5	6	6A	6B	7	8	9
„MK – Lýðveldið Norður-Makedónía	MK-0	Landið allt	E, EP POU		P3	22.4.2020“				

**Fylgiskjal 2.****FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1166**

frá 6. ágúst 2020

**um breytingu á I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 að því er varðar færsluna fyrir Bandaríkin í skránni yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólf þaðan sem leyfður er innflutningur til Sambandsins eða umflutningur um Sambandið á tilteknum alifuglavörum í tengslum við alvarlega fuglainflúensu (Texti sem varðar EES)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/99/EB frá 16. desember 2002 um heilbrigðisreglur um framleiðslu, vinnslu, dreifingu og aðflutning á afurðum úr dýraríkinu til manneldis<sup>(1)</sup>, einkum 8. gr. (inngangsorð), 8. gr. (fyrsta undirgrein 1. mgr.), 8. gr. (4. mgr.) og 9. gr. (c-liður 4. mgr.),með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2009/158/EB frá 30. nóvember 2009 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með alifugla og útungunaregg og á innflutning þeirra frá þriðju löndum<sup>(2)</sup>, einkum 23. gr. (1. mgr.), 24. gr. (2. mgr.) og 25. gr. (2. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008<sup>(3)</sup> er mælt fyrir um kröfur um heilbrigðisvottanir fyrir dýr og dýraafurðir vegna innflutnings til Sambandsins og umflutnings gegnum það, þ.m.t. geymslu á meðan á umflutningi stendur, á alifuglum og alifuglaafurðum (hér á eftir nefndur vörurnar). Þar er kveðið á um að vörurnar megi einungis flytja inn til Sambandsins og umflytja gegnum það frá þeim þriðju löndum, yfirráðasvæðum, svæðum eða hölfum sem skráð eru í 1. og 3. dálk töflunnar í 1. hluta I. viðauka við hana.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 798/2008 er einnig mælt fyrir um skilyrði fyrir því að þriðja land, yfirráðasvæði, svæði eða hólf geti talist laust við alvarlega fuglainflúensu (HPAI).
- 3) Bandaríkin eru skráð í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 sem þriðja land þaðan sem innflutningur til Sambandsins og umflutningur um Sambandið á vörum er ekki takmarkaður vegna þess að alvarleg fuglainflúensa sé fyrir hendi.
- 4) Í samningi milli Evrópubandalagsins og Bandaríkjanna um ráðstafanir á sviði hollustuhátta til að vernda heilbrigði manna og dýra í viðskiptum með dýr á fæti og dýraafurðir (hér á eftir nefndur samningurinn)<sup>(4)</sup>, sem var samþykktur með ákvörðun ráðsins 98/258/EB<sup>(5)</sup>, er kveðið á um gagnkvæma viðurkenningu á svæðaskiptingarráðstöfunum ef sjúkdómar koma upp í Sambandinu eða í Bandaríkjunum.
- 5) Hinn 8. apríl 2020 staðfestu Bandaríkin að alvarleg fuglainflúensa af undirgerð H7N3 væri fyrir hendi á alifuglabúi í Chesterfield-sýslu í Suður-Karólínu-ríki. Í kjölfar uppkomu alvarlegu fuglainflúensunnar komu heilbrigðisyfirvöld Bandaríkjanna á sviði dýra og dýraafurða upp 10 km varnarsvæði umhverfis viðkomandi bú, sem nær yfir hluta Chesterfield-sýslu, Lancaster-sýslu og Kershaw-sýslu í Suður-Karólínu-ríki, og innleiddu niðurskurðarstefnu til að verjast alvarlegu fuglainflúensunni og hefta útbreiðslu hennar.
- 6) Með því að samþykka framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/544<sup>(6)</sup> setti framkvæmdastjórnin takmarkanir á innflutning til Sambandsins á sendingum af alifuglaafurðum frá svæðinu í Suður-Karólínu-ríki þar sem áhrifa af alvarlegri fuglainflúensu gæti, þar sem heilbrigðisyfirvöld Bandaríkjanna á sviði dýra og dýraafurða hafa sett takmarkanir vegna uppkomu alvarlegrar fuglainflúensu.
- 7) Bandaríkin hafa lagt fram uppfærðar upplýsingar um faraldsfræðilegar aðstæður á yfirráðasvæði sínu og til hvaða aðgerða þau hafa gripið, sem framkvæmdastjórnin hefur nú lagt mat á, til að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu alvarlegrar fuglainflúensu. Að auki hafa Bandaríkin tilkynnt um að hreinsunar- og sóthreinsunarráðstöfunum, í kjölfar niðurskurðar á alifuglabúinu þar sem uppkoma alvarlegrar fuglainflúensu var staðfest í apríl 2020, hafi lokið 7. maí 2020.
- 8) Á grundvelli mats á upplýsingum sem Bandaríkin létu í té er rétt að tilgreina í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 að frá og með 5. ágúst 2020, þ.e. 90 dögum eftir að niðurskurði og hreinsunar- og sóthreinsunarráðstöfunum lauk, geti þriðja landið aftur, í samræmi við 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 798/2008, talist laust við alvarlega fuglainflúensu og að leyfa ætti aftur innflutning til Sambandsins og umflutning um Sambandið á tilteknum alifuglavörum sem eru upprunnar í því þriðja landi.
- 9) Því ætti að breyta færslunni fyrir Bandaríkin í töflunni í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 til að taka tillit til þess að alvarlegri fuglainflúensu hefur verið útrýmt í þessu þriðja landi. Því ætti að breyta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Ákvæðum 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.  
Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. ágúst 2020.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,  
forseti.*

Ursula VON DER LEYEN

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB L 18, 23.1.2003, bls. 11.

(<sup>2</sup>) Stjtið. ESB L 343, 22.12.2009, bls. 74.

(<sup>3</sup>) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008 frá 8. ágúst 2008 um skrá yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólf, þaðan sem leyfður er innflutningur til Bandalagsins og umflutningur um Bandalagið á alifuglum og alifuglaafurðum, og um kröfur vegna heilbrigðisvottorða fyrir dýr og dýraafurðir (Stjtið. ESB L 226, 23.8.2008, bls. 1).

(<sup>4</sup>) Stjtið. EB L 118, 21.4.1998, bls. 3.

(<sup>5</sup>) Ákvörðun ráðsins 98/258/EB frá 16. mars 1998 um gerð samnings milli Evrópubandalagsins og Bandaríkjna Ameríku um ráðstafanir á sviði hollustuhátta til að vernda heilbrigði manna og dýra í viðskiptum með dýr á fæti og dýraafurðir (Stjtið EB L 118, 21.4.1998, bls. 1).

(<sup>6</sup>) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/544 frá 20. apríl 2020 um breytingu á I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 að því er varðar færsluna fyrir Bandaríkin í skránni yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólf þaðan sem leyfður er innflutningur til Sambandsins eða umflutningur um Sambandið á tilteknum alifuglavörum í tengslum við alvarlega fuglainflúensu (Stjtið. ESB L 121 I, 20.4.2020, bls. 1).

VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir Bandaríkin í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 kemur eftirfarandi:

ISO-kóði og heiti þriðja lands eða yfirráðasvæðis	Kóði þriðja lands, yfirráðasvæðis, svæðis eða hólfis	Lýsing á þriðja landi, yfirráðasvæði, svæði eða hólf	Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir		Sértæk skilyrði	Sértæk skilyrði		Staða eftirlits vegna fugla-inflúensu	Bólusetningarstaða vegna fugla-inflúensu	Staða varna gegn salmonelli <sup>(6)</sup>
			Fyrir-mynd(ir)	Viðbótar-ábyrgðir		Loka-dagsetning ( <sup>1</sup> )	Upphafsdagsetning ( <sup>2</sup> )			
1	2	3	4	5	6	6A	6B	7	8	9
„US – Bandaríkin	US-0	Landið allt	SPF EP, E							S4
	US-1	Bandaríkin, landið allt að undanskildu svæði US-2	WGM POU, RAT BPP, BPR, DOC, DOR, HEP, HER, SRP, SRA, LT20	VIII	N			A		S3, ST1
	US-2	Yfirráðasvæði Bandaríkjanna sem samsvarar:								
	US-2.1	Tennessee-ríki: Lincoln-sýsla Franklin-sýsla Moore-sýsla	WGM POU, RAT BPR, BPP, DOC, DOR, HEP, HER, SRP, SRA, LT20	VIII	P2 N P2	4.3.2017	11.8.2017		A	S3, ST1
	US-2.2	Alabama-ríki: Madison-sýsla Jackson-sýsla	WGM POU, RAT BPR, BPP, DOC, DOR, HEP, HER, SRP, SRA, LT20	VIII	P2 N P2	4.3.2017	11.8.2017		A	S3, ST1
	US-2.3	Suður-Karólínu-ríki Chesterfield-sýsla/Lancaster-sýsla/Kershaw-sýsla:	WGM POU, RAT BPR, BPP, DOC, DOR, HEP,	VIII	P2 N P2	8.4.2020	5.8.2020		A	S3, ST1 <sup>4</sup>

	<p>Svæði í 10 km radius sem hefst á punktinum N við mörkin á hringlaga vamársvæðinu „Chesterfield 02 premise“ og liggur réttssælis:</p> <p>a) Norður: 2 km til suðurs frá Highway 9, 0,03 km til austurs frá gatnamótum Airport Rd og Raymond Deason Rd.</p> <p>b) Norðaustur: 1 km til suðvesturs frá gatnamótum Highway 268 og Cross Roads Church Rd.</p> <p>c) Austur: 5,1 km í vestur frá State Highway 109, 1,6 km í vestur frá Angelus Rd og Refuge Dr</p> <p>d) Suðaustur: 3,2 km til norðvesturs frá gatnamótum Highway 145 og Lake Bee Rd.</p> <p>e) Suður: 2,7 km til austurs frá gatnamótum Highway 151 og Catarah Rd.</p> <p>f) Suðvestur: 1,5 km til austurs frá gatnamótum McBee Hwy og Mt Pisgah Rd.</p> <p>g) Vestur: 1,3 km til austurs frá gatnamótum Texahaw Rd og Buzzards Roost Rd.</p> <p>h) Norðvestur: Gatnamót White Plains Church Rd og Graves Rd.</p>	HER, SRP, SRA, LT20						
--	--	---------------------	--	--	--	--	--	--